

Umhverfisstofnun
Áb. <i>SF</i>
23 APR. 2004
<i>54.52</i>
Tilv. <i>UST2004040041</i>

Skipulagsstofnun
Auður Ýr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Umhverfisstofnun

Environment and Road Agency, Iceland

Stofnunarhúsið
100 Reykjavík, Ísland

Ph: +354 551 2000
Fax: +354 591 2070

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

21. apríl 2004

Tilvísun: UST2004040041/sf

Ólafsfjarðarvegur á Lágheiði. Matsskylda.

Við er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 5. apríl sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Framkvæmdalýsing

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að fyrirhugað er að endurbyggja hluta vegarins frá Reykjaá í Ólafsfirði að sýslumörkum Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu, alls um 5,1 km. Verkið verður unnið í áföngum og verður í 1. áfanga lagður 2,8 km langur vegkaflí sem nær frá stöð 13040 við Reykjaá að útboðsenda á Lágheiði við stöð 15840. Áætlað er að framkvæmdirnar hefjist vorið 2004 og ljúki sama haust. Óvíst er hvenær framkvæmdir á kaflanum frá stöð 15840 að sýslumörkum hefjast.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt teikningum er fylgja tilkynningu framkvæmdaraðila mun „endurbyggður vegur“ að töliverðu leyti liggja utan núverandi vegstæðis og því að hluta til um nýbyggingu að ræða.

Efnistaka

Samkvæmt tilkynningu framkvæmdaraðila er áætluð efnisþörf í veginn í kringum 125.300 m³. Fyrirhugað er að taka allt efni í fyllingar og fláafleyga úr vegskeringum, samtals 107.500 m³. Einnig verður efni í efra og neðra burðarlag að líkindum tekið úr vegskeringu. Gert er ráð fyrir að malarlitlag, alls 2.300 m³, fái úr opinni námu vestan sýslumarka Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu á Lágheiði.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða efnistöku vegna framkvæmdarinnar. Stofnunin bendir þó á að gert er ráð fyrir töliverðum skeringum á nokkrum stöðum og mikilvægt að frágangur miðist við að fella raskað land að umhverfinu eins og kostur er. Stofnunin telur rétt að allar skeringar verði mældar upp og að lögð verði fram áætlun um frágang skeringa eins og um námur væri að ræða. Minnt er á að uppfylla

verður ákvæði VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd ef um er að ræða nýja efnstökustaði.

Verndarsvæði

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er að hluta til innan svæðis nr. 501 (423) á náttúruminjaskrá, **Fjallendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar**. Eftirfarandi lýsing er á svæðinu í náttúruminjaskrá:

„(1) Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan þjóðveggar nr. 1 á Öxnadalshéiði. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h.y.s, mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150-250 m h.y.s. (2) Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrótið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða.“

Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð vegaf framkvæmd muni ekki hafa umtalsverð áhrif á það svæði sem er á náttúruminjaskrá. Um er að ræða stórt svæði milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, sem er um 2.644 km². Veglínan liggur í nánd við núverandi veg og raskar aðeins litlum hluta svæðisins. Ekki er vitað til þess að framkvæmdasvæðið hafi sérstöðu umfram aðra hluta svæðisins. Umhverfisstofnun telur þó mikilvægt að jarðraski verði haldið í lágmarki.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hættu er á að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá. Því þarf að leita umsagnar stofnunarinnar um framkvæmdina áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Gróður

Í matsskýrslu um jarðgöng og vegagerð á norðanverðum Tröllaskaga kemur m.a. fram að flórusvæði sem einkennist af óvenju mikilli fjölbreytni gróðurs nær yfir útsveitir beggja megin Eyjafjarðar, Fljótin, Siglufjörð, Héðinsfjörð, Ólafsfjörð, Upsaströnd, Látraströnd, Þorgeirsfjörð, Hvalvatnsfjörð og Flateyjardal. Þar er að finna óvenju margar sjaldgæfar tegundir og er ein þeirra, hjartafífill, á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Samkvæmt upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands (fylgiskjal með tilkynningu um framkvæmdina) eru í gagnagrunni stofnunarinnar skráðar 4 tegundir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sem hafa náttúruverndargildi 6 eða hærra, þ.e. skollaber, skollakambur og mýraberjalyng með gildi 7 og þúsundblaðarós með gildi 6. Líkur eru á að hjartafífill (gildi 8) kunni að vera á svæðinu við svipuð skilyrði og skollakamburinn og þúsundblaðarósinn, þótt hann hafi ekki verið skráður þar. Í tilkynningu framkvæmdaraðila segir að áður en framkvæmdir hefjist muni sérfræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands ganga veglínuna og kanna gróðurfar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrir liggja upplýsingar um að sjaldgæfar tegundir finnast á því svæði sem fyrirhugaður vegur mun liggja um en ekki er ljóst hvort þær er að finna í vegstæðinu sjálfu. Stofnunin telur mikilvægt að tekið verði tillit til niðurstaðna í fyrirhugaðri úttekt á gróðri og að veglínunni verði hnikað til ef ástæða þykir til, s.s. til að hlífa búsvæði sjaldgæfrar tegundar. Ef sjaldgæfar tegundir finnast á svæðinu þarf að afmarka viðkomandi búsvæði áður en framkvæmdir hefjast og tryggja að því verði ekki raskað.

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er víða

mýrlent, aðallega þó ofar á svæðinu þar sem snjóþyngst er og í dældum. Í fylgiskjali 1 segir m.a.: „Í votlendi eru súrar mýrar með rikjandi mýrafinnungi, ígulstör meðfram lækjarsytrum. Í dýpri snjóðældum og undir börðum má finna þúsundblaðarós og skollakamb, skollaber koma fyrir á blettum á þurrlendi innan um lynggróður og lyngjafni er víða.”

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri, njóta sérsakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Fram kemur í gögnum um framkvæmdina að Vegagerðin mun græða upp jafn stórt gróðursvæði og það sem raskast við framkvæmdina.

Umhverfisstofnun telur að endurheimta beri samskonar gróðurlendi og raskast við framkvæmdina.

Fuglalíf

Í tilkynningu um framkvæmdina koma ekki fram upplýsingar um fuglalíf á svæðinu. Um áhrif á fugla segir: „Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Reiknað er með að áhrifin verði óveruleg.”

Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram nánar hvers vegna talið er að áhrif framkvæmdarinnar á fugla verði óveruleg. Stofnunin telur þó líklegt að fyrst og fremst sé um að ræða mófugla og ekki líklegt að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð áhrif á fuglalíf.

Áhrif á landslag / sjónræn áhrif

Fyrirhuguð framkvæmd mun hafa töluverð sjónræn áhrif í för með sér, einkum vegna töluverðra skeringa og vegfyllinga, auk þess sem vegurinn liggur að hluta til á óröskuðu landi. Umhverfisstofnun telur að þrátt fyrir að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði töluverð sé ekki um að ræða umtalsverð umhverfisáhrif. Stofnunin telur þó mikilvægt að við framkvæmdirnar verði jarðraski haldið í lágmarki, framkvæmdasvæðið verði þröngt skilgreint og að vandað verði til frágangs að verki loknu.

Samráð

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að haft verði samráð við eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar í Eyjafjarðarsýslu um efnistöku og frágang á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að hafa ber samráð við framkvæmda- og eftirlitssvið Umhverfisstofnunar um tilhögun eftirlits.

Núverandi vegur


Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að ekki er ráðgert að fjarlægja núverandi veg. Umhverfisstofnun telur engin rök hníga að því að láta aflagðar beygjur á núverandi vegi og stutta, aflagða vegbúta standa eftir ófrágengna, enda vandséð hvert notagildi þeirra er. Því telur stofnunin að slétta beri út þá kafla núverandi vegar sem leggjast af og fella vel að landinu.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd geti haft í för með sér töluverð sjónræn áhrif vegna skeringa og fyllinga. Stofnunin telur þó ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun minnir á að leita skal umsagnar stofnunarinnar um framkvæmdina skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Virðingarfyllst,


Sigurrós Friðriksdóttir


Gunnar S. Jónsson
staðgengill forstöðumanns
framkvæmda- og eftirlitssviðs